

Nd.

568. Nefndarálit

[194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Tilgangur þess er að ákveða í lögum að heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna svo og aðrir aðilar, er vinna að málefnum þroskaheftra, fái rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra.

Með þessari breytingu á lögnum er sá skilningur staðfestur, að allir þessir aðilar falli undir Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Við afgreiðslu fjárlaga 1980 kom fram þessi skilningur fjárveitinganefndar.

Félagsmálanefnd neðri deildar leggur til, að frv. verði samþykkt, og leggur áherslu á að fjárlaga- og hagsýslustofnun taki tillit til þessarar aukningar á verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra við fjárlagagerð árið 1981. Jafnframt vill nefndin láta koma fram þá skoðun nefndarinnar, að við fjárlagagerð 1981 eigi að ná fram verðtryggingu á framlagi til sjóðsins í samræmi við 25. gr. laganna.

Alþingi, 17. maí 1980.

Alexander Stefánsson,
form., frsm.

Friðrik Sophusson,
fundaskr.

Jóhann Einvarðsson.

Jóhanna Sigurðardóttir,
með fyrirvara.

Steinþór Gestsson.

Eggert Haukdal.

Guðm. J. Guðmundsson.